

## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

**Sendandi:** Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

---

### Samráðsgátt – Frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 77/2019.

Þann 24. september sl. birti samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum nr. 77/2019, til umsagnar í samráðsgátt stjórnvalda. Frestur var veittur til 8. október til að veita umsögn um frumvarpið.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar fagnar því að ákveðið hefur verið að lagfæra ýmsa vankanta á gildandi lögum og fagnar því að sjá að tekið hafi verið tillit til fyrri athugasemda borgarinnar að hluta. Sviðið hefur tekið frumvarpið til skoðunar og vill koma eftirfarandi athugasemdum og tillögum á framfæri við ráðuneytið. Af hálfu borgarinnar er enn mikil áhersla lögð á breytingar á ákvæðum laganna er varða göngugötur en einnig verður litið til annarra atriða.

-

### Skilgreiningar

Reykjavíkurborg telur mikilvægt að hugtökin „stöðureitur“ og „gjaldskyld bifreiðastæði“ verði skilgreind í umferðarlögum. Í 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 segir að sveitarstjórn sé heimilt að setja reglur um notkun stöðureita og gjaldtöku fyrir hana á landi í umráðum hennar, þ.m.t. á þjóðlendum innan marka sveitarfélagsins. Reglur um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku voru settar í febrúar 1988. Í 1. gr. reglnanna kemur fram að borgarráð ákveði, að fengnum tillögum frá umferðarnefnd, hvar á götum og opnum svæðum skuli setja upp stöðumæla. Þá segir meðal annars í 3. gr. reglnanna að borgarráð ákveði gjald fyrir stöðu ökutækis á stöðumælareit og hvað ökutæki megi standa lengi samfelt og á hvaða tíma gjaldskylda er. Hefur Reykjavíkurborg, með vísan í grein þessa í umferðarlögum, sett gjaldskyld bifreiðastæði á götum og opnum svæðum í borgarlandi.

Í 78. gr. a. umferðarlaga nr. 50/1987 kom fram að ráðherra gæti sett reglur um undanþágu fyrir hreyfihamlaða frá reglum um stöðvun og lagningu ökutækja, þar á meðal reglum um notkun stöðureita og gjald fyrir hana en samkvæmt reglunum eru það gjaldskyld stæði á götum úti og opnum svæðum. Á þeim grundvelli var sett reglugerð nr. 1130/2016 um útgáfu og notkun stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða. Í 1. gr. reglugerðarinnar segir að stæðiskort veiti handhafa þess heimild, í tengslum við flutning hans í ökutæki til að leggja ökutækinu í bifreiðastæði (stöðureit) sem eingöngu er ætlað fyrir hreyfihamlaðan einstakling og auðkennt er með þar til gerðu umferðarmerki, sbr. reglugerð um umferðarmerki, eða með öðrum sambærilegum hætti. Þá segir jafnframt að handhafa stæðiskorts sé heimilt að leggja ökutæki í gjaldskyld bifreiðastæði (stöðureit) án greiðslu.

Þá segir í 2. mgr. 87. gr. núgildandi umferðarlaga að handhafa stæðiskorts sé jafnframt heimilt að leggja ökutæki í gjaldskyld bifreiðastæði án sérstakrar greiðslu. Einnig segir í 6. mgr. 87. gr. laganna að ráðherra geti í reglugerð sett nánari ákvæði um undanþágu fyrir hreyfihamlaða frá reglum 28. og 29.



gr. um stöðvun og lagningu ökutækis, þar á meðal reglum um notkun stöðureita og gjald fyrir þá, það er, eins og fyrr segir, gjaldskyld stæði á götum og opnum svæðum

Reykjavíkurborg hefur túlkað þetta á þann veg að hér sé verið að veita undanþágu frá gjaldskyldum stæðum á götum og opnum svæðum, sbr. 1. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku. Þá er í reglugerð, um útgáfu og notkun stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, sérstaklega tekið fram að heimilt sé að leggja í gjaldskylt bifreiðastæði en svo er orðið „stöðureitur“ innan sviga. Hefur Reykjavíkurborg litið svo á að undanþága þessi nái ekki til stæða inn í bílahúsum borgarinnar þar sem slík stæði eru annars eðlis og eru ekki svokölluð götustæði. Bílastæðasjóður Reykjavíkur hefur eftirlit með gjaldskyldum bifreiðastæðum í borginni og leggur á aukastöðugjald, sé ekki greitt fyrir afnot stæðis á gjaldskyldutíma. Ekkert slíkt eftirlit er með stæðum í bílahúsum þó svo að greiða þurfi fyrir þau. Gjald vegna bifreiðastæða í bílahúsi er hluti af gjaldskrá borgarinnar, þ.e. ekki sett á grundvelli umferðarlaga, líkt og bifreiðastæði á gjaldskyldum svæðum, þar sem þau eru ekki á götu eða opnum svæðum og ekki eru álögð gjöld vegna þeirra. Hafa handhafar stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða því þurft að greiða fyrir afnot stæða inn í bílahúsum og hefur það valdið nokkrum misskilningi meðal handhafa slíkra stæðiskorta.

Þá er bent á að það yrði ill- eða óframkvæmanlegt að veita handhöfum stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, sem eru tæplega 8 þúsund á landsvísu, gjaldfrjálsan aðgang að bílahúsum í eigu borgarinnar þar sem aðgengi að þeim er stýrt með tölvubúnaði og hliðum.

Því er lagt til að tveimur nýjum skilgreiningum fyrir stöðureit og gjaldskylt bifreiðastæði verði bætt við 3. gr. laganna, svohljóðandi:

*Stöðureitur: Afmarkað bifreiðastæði á götu úti eða á opnu svæði.*

*Gjaldskylt bifreiðastæði: Stöðureitur inn á gjaldskyldu svæði.*

## 1. gr. Vistgötur

Í umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs um áform um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum var lagt til að gætt yrði samræmis við fyrirhugaða breytingu á 28. gr. laganna og hefur það verið gert. Reykjavíkurborg gerir því ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á 9. gr. laganna um vistgötur.

## 2. gr. Göngugötur

Fyrirhugað er að 2. mgr. 10. gr. um göngugötur verði svohljóðandi:

Veghaldara er heimilt að veita íbúum við göngugötu leyfi til akstur um göngugötuna, til og frá lóð heimilis þeirra, hvort heldur almennt eða í einstökum tilvikum. Sama á við íbúa nærliggjandi gatna þegar aðgengi að bifreiðastæðum þeirra er frá göngugötu og önnur leið að þeim ekki fær. Almenna heimild skal gefa til kynna með umferðarmerki. Veghaldari gefur út göngugötukort til íbúa sem leyfi hafa til aksturs um göngugötu. Slíkt kort skal haft sýnilegt í eða á ökutæki í göngugötu. Lögreglu er heimilt að leggja hald á göngugötukort til bráðabirgða ef grunur leikur á um misnotkun korts og afhenda veghaldara kortið. Veghaldari skal afturkalla kort ef um misnotkun er að ræða.



Reykjavíkurborg telur rétt að veghaldari verði heimilt að veita bæði íbúum og rekstraraðilum leyfi til akstur um göngugötuna, til og frá lóð heimilis þeirra eða lóð reksturs þeirra. Þá telur Reykjavíkurborg mikilvægt að veghaldari geti sett reglur um göngugötukort.

Því er lagt til að við 2. mgr. 10. gr. verði svohljóðandi:

*Veghaldara er heimilt að veita íbúum og rekstraraðilum við göngugötu leyfi til akstur um göngugötuna, til og frá lóð heimilis þeirra eða lóð reksturs þeirra, hvort heldur almennt eða í einstökum tilvikum. Sama á við íbúa og rekstraraðila nærliggjandi gatna þegar aðgengi að bifreiðastæðum þeirra er frá göngugötu og önnur leið að þeim ekki fær. Almenna heimild skal gefa til kynna með umferðarmerki. Veghaldari gefur út göngugötukort til íbúa og rekstraraðila sem leyfi hafa til aksturs um göngugötu. Slíkt kort skal haft sýnilegt í eða á ökutæki í göngugötu. Lögreglu er heimilt að leggja hald á göngugötukort til bráðabirgða ef grunur leikur á um misnotkun korts og afhenda veghaldara kortið. Veghaldari skal afturkalla kort ef um misnotkun er að ræða. Veghaldari getur sett reglur um göngugötukort þar sem nánar er kveðið á um útgáfu og notkun slíkra korta.*

Borgin hefur áður lýst áhyggjum sínum varðandi framkvæmd undanþáguákvæðis 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga og vísar til minnisblaðs borgarinnar til ráðuneytisins, dags. 3. apríl 2020. Er ljóst að ákvæðið býður hvorki upp á sveigjanleika né aðlögun að mismunandi aðstæðum og er því ill- eða óframkvæmanlegt. Reykjavíkurborg leggur því enn til að 10. gr. umferðarlaga verði breytt á þann veg að það verði í höndum hvers sveitarfélags, með samþykki lögreglu í samræmi við 84. gr. laganna, að ákveða hvort og að hvaða leyti veittar verði undanþágur frá þeirri meginreglu 10. gr. laganna að umferð vélknúinna ökutækja um göngugötur sé óheimil.

Í 10. gr. umferðarlaga kemur fram að umferð vélknúinna ökutækja er óheimil. Þó er umferð vélknúinna ökutækja akstursþjónustu fatlaðra, handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða, lögreglu, slökkviliðs og sjúkraflutninga heimil. Þá er heimil umferð vélknúinna ökutækja í þeim tilgangi að afhenda verslunum, veitingastöðum og sambærilegum aðilum vörur á skilgreindum vörulosunartíma sem gefnir eru til kynna með skilti.

Þá segir í frumvarpi því sem varð að lögunum „ákvæði 10. gr. frumvarpsins er nýmæli og fjallar um göngugötur. Nauðsynlegt er að hafa á einum stað þau ákvæði sem eiga við slíkar götur. Samkvæmt 1. mgr. er almenna reglan sú að umferð vélknúinna ökutækja um göngugötur er óheimil. Þó er í sömu málsgrein að finna undantekningar frá reglunni að því er varðar ökutæki akstursþjónustu fatlaðra, lögreglu, slökkviliðs og sjúkrabifreiða auk ökutækja sem sinna vörulosun til verslana, veitingastaða og samsvarandi fyrirtækja. Þessar undanþágur þykja sjálfsagðar og þarfnast ekki frekari skýringa.“

Greinin tók því breytingum í meðförum þingsins þar sem bætt var inn í upptalninguna „handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða.“ Í nefndaráliti því sem fjallað er um breytinguna segir að nefndinni hafi verið bent á að „einnig þyrfti að gera ráð fyrir notkun hreyfihamlaðra á eigin bílum, þ.e. ekki einskorða að undanþáguna eingöngu við akstursþjónustu fatlaðra“, undir það taki nefndin og því sé breytingin lög til.

Akstur vélknúinna ökutækja inn á göngugötu breyta eðli gatnanna og hefur neikvæð áhrif á öryggi gangandi vegfarenda og annarra sem þar dvelja, svo sem við leik eða sitja úti við á kaffihúsum. Aðstæður á göngugötum geta verið mismunandi bæði hvað varðar fjölda vegfarenda, stærðar



svæðisins, starfssemi auk árstíma og tíma dags. Í febrúarbyrjun 2020 voru, skv. upplýsingum frá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, í gildi 7.910 stæðiskort fyrir hreyfihamlaða á landsvísu, þar af 5.243 kort á höfuðborgarsvæðinu einu saman, er því óhætt að segja að það sé stór hópur fólks sem hefur heimild til að aka um göngugötur.

Við skipulag göngugatna er þess að jafnaði gætt að hafa stæði fyrir hreyfihamlaða sem næst aðkomu göngugötusvæðisins þar sem að á göngugötum er alla jafnaði ekki bílastæði að finna. Því telur Reykjavíkurborg vandséð í hvaða tilgangi hreyfihamlaðir eigi að aka um göngugötur ef þar eru ekki aðstæður til aksturs né þar bílastæði fyrir hreyfihamlaða að finna. Aðrir sem undanþágan nær til eru atvinnubílstjórar sem eru á ferðinni í neyðartilvikum, að gæta öryggis eða til að aka fötluðum einstaklingum.

Við vissar aðstæður getur verið mögulegt að veita handhöfum stæðiskorta hreyfihamlaðra undanþágu frá aksturbanni en slíkt verður þó að ávallt að taka mið af aðstæðum á hverjum stað og mikilvægt er að ætíð sé öryggi þeirra sem dvelja á göngugötu tryggt en þetta á helst við gangandi vegfarendur, barna að leik og gesta veitinga- og kaffihúsa sem sitja úti við. Einnig þarf að tryggja aðgengi viðbragðsaðila. Því telur Reykjavíkurborg að æskilegt sé að sveitarfélagi eða veghaldara sé falið, í samræði við lögreglu, að móta slíkar heimildir með hliðsjón af aðstæðum á hverjum stað fyrir sig.

Að öllu framansögðu er því lagt til að 2. másl. 1. mgr. 10. gr. verði svohljóðandi:

*Þó er umferð vélknúinna ökutækja aksturþjónustu fatlaðra, lögreglu, slökkviliðs og sjúkraflytninga heimil. Veghaldara er heimilt að kveða á um aðrar undanþágur í samræmi við 84. gr. um sérákvæði um notkun vega.*

### **3. gr. Stöðvun ökutækis og lagning þess/skráningarskylda eftirvagna**

Reykjavíkurborg gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða breytingu á 3. mgr. 28. gr. þar sem samræmis hefur verið gætt við orðalag um lagningu ökutækja í vistgögum.

### **8. gr. Akstur breiðra, þungra, langra eða hárra ökutækja**

Í stað 4. mgr. 82. gr. laganna kemur ný 4. mgr. svohljóðandi:

Samgöngustofa getur, að höfðu samræði við lögreglu, veitt undanþágu frá reglum sem ráðherra setur á grundvelli 5. mgr. þegar brýn nauðsyn þykir vegna sérstakra flutninga. Umsókn um undanþágu skal fylgja umsögn viðkomandi veghaldara.

*Allt þar til 2013 veitti veghaldari sjálfur undanþágu frá reglum um stærð og þyngd ökutækja. Með lögum um breytingar á ýmsum lögum vegna nýrra samgöngustofnana, nr. 59/2013, var Samgöngustofu falið að veita slíkar undanþágur en að fengnu samþykki Vegagerðarinnar. Með nýjum umferðarlögum var Samgöngustofu falið að leita þess í stað samþykkis viðkomandi veghaldara.*

*Mikið hagræði er fólgið í því fyrir borgarann að geta leitað til einnar stjórnsýslustofnunar til að sækja um undanþágu vegna þungaflutninga. Veghaldarar bera sjálfir ábyrgð á öryggi og viðhaldi eigin vega og eru í bestri aðstöðu til að meta ástand þeirra. Telja verður eðlilegt að Samgöngustofa leiti samþykkis viðkomandi veghaldara hverju sinni, hvort sem það er*



*Vegagerðin, sveitarfélag eða einkaaðili, áður en slík undanþága er veitt. Því er lagt til að fallið verði frá áformuðum breytingum á ákvæðinu.*

### 9. gr. Stöðukort og stöðureitir

Við 5. mgr. 86. gr. laganna bætast orðin: Þá getur ráðherra heimilað ríkisaðila að sjá um innheimtu gjalds fyrir notkun stöðureita sem ríkisaðili hefur umsjón með.

Reykjavíkurborg fagnar þessum breytingum og telur að þetta verði til bóta fyrir þær ríkisstofnanir sem vilja eða þurfa að stýra bílastæðanotkun inn á ríkislóðum.

-

Reykjavíkurborg gerir ekki frekari athugasemdir við frumvarpið til laga um breytingar á umferðarlögum en reikna má með að borgin komi á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum, svo sem við þinglega meðferð málsins. Eins og fyrr segir er það mikið ánægjuefni að lagfæra eigi ýmsa vankanta á umferðarlögnum. Fulltrúar umhverfis- og skipulagssviðs borgarinnar eru reiðubúnir til að mæta á fund samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, sem og umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis til að ræða tillögur borgarinnar frekar, sé þess óskað.

Vegna aðstæðna í samfélaginu út af Covid19 er ekki unnt að senda inn undirritað eintak af umsögninni fyrir lok umsagnartímans. Óski ráðuneytið hins vegar eftir undirrituðu eintaki mun borgin verða við þeirri beiðni eins fljótt og unnt er.

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar,

Vigdís Þóra Sigfúsdóttir, lögfræðingur